

Ed.

259. Nefndarálit

[102. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar Alþingi fjallar um heimildir til erlendrar lántöku er óviðeigandi, að þingmönnum sé ætlað að taka afstöðu til málsins á grundvelli einnar samlagningar-
tölu, án þess að prentaður sé á sérstöku fylgiskjali listi yfir þær framkvæmdir, sem um er að ræða. Í þessu tilviki verða þingmenn, sem vilja kynna sér, hvað hér er um að ræða, að grafa nauðsynlegar upplýsingar upp úr skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1976 og tína þær til úr ýmsum áttum. Eru þetta óeðlileg vinnubrögð. Þær framkvæmdir, sem hin erlendu lán eru ætluð til, munu vera þessar (í millj. kr.):

Sveitarafvæðing	150	
Norðurlína	578	
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	1 694	
b. Borholur og aðveitukerfi	600	
c. Lína til Akureyrar og aðveitustöð	571	
Jarðboranir ríkisins	40	
		3 633
÷ 13 millj. af innlendu fé		13
		<hr/>
		3 620
Vörukaupalán:		
a. Kröfluvirkjun	644	
b. Lína til Akureyrar	84	
c. Aðveitustöð á Akureyri	130	
d. Rafmagnsveitur ríkisins	132	
		<hr/>
		990
Vegna lána Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna		2 045
		<hr/>
		Samtals 6 655

Eins og hér kemur fram, er megnið af þessum lánnum ætlað til Framkvæmdasjóðs (2045 millj.) og Kröfluvirkjunar (4301 millj.), eða alls 6346 millj. kr.

Í tíð vinstri stjórnarinnar höfðu talsmenn Sjálfstæðisflokksins uppi mikil hróp að stjórninni vegna erlendrar lántöku. Töldu þeir, að miklar erlendar lántökur væru forkastanlegar, en því var svarað með því að benda á, að um væri að ræða framkvæmdir, sem ekki þyldu bið og ættu eftir að skila þjóðinni miklum arði.

Í árslok 1974 námu löng erlend lán 57.6 milljörðum króna miðað við gengið $\$ = 164.5$. Á árinu 1975 er nettóaukning lána 13.1 milljarðar kr. og nú er ráðgert, m. a. með þessari lántökuheimild, að nettóaukning erlendra lána nemi 10.1 milljarði kr. á næsta ári. Á aðeins tveimur árum er því ætlunin að auka löng erlend lán um 40% undir stjórnarforustu Sjálfstæðisflokksins. Fátt afhjúpar betur skrum og áróðursblekkingar Sjálfstæðisflokksins í stjórnarandstöðu.

Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild til erlendrar lántöku, sem nemur 6 655 millj. kr. Þótt hér sé um háa fjárhæð að ræða, virðist mér, að aðeins sé um að ræða nauðsynlegar og óhjákvæmilegar framkvæmdir. Þetta eru nær eingöngu raforkuframkvæmdir og lánveitingar til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, en lánsfjáröflun til Járblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, sem ég er eindregið andvígur, er hér ekki meðtalin. Að þessu athuguðu mun ég ekki standa gegn samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 19. des. 1975.

Ragnar Arnalds.